

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Akureyri, 10. júní 2021
UST202003-441/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi Háafells ehf. Ísafjarðardjúpi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Háafells ehf. vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila þar sem hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 6.800 tonn á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 10. júní 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri